



Fundargerð

4. fundar Skipulags-, framkvæmda- og umhverfismálanefnd Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í SFU Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, fimtudaginn 24. janúar 2019 kl. 16:00. Fundinn sátu Kári Snær Valtingojer, Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, Snjólfur Gunnarsson, Eiður Ragnarsson og Bergþóra Birgisdóttir. Ingibjörg ritaði fundargerð og Kári stjórnaði fundi

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Rúnar Matthíasson úttektarmaður byggingafulltrúi fer yfir helstu mál sem hann er að vinna að í Djúpavogshreppi, Rúnar Matthíasson fer yfir:
 - a) Lagfæring á aðgengi fatlaðra við innganginn á íþróttarhúsinu.
 - b) BF embætti hefur verið í samskiptum við landaupplýsingar um að setja inn grunn okkar um lóðaskipti í sveitafélaginu (þéttbýli) inn á vefsíðanna.
 - c) Úttekt á gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa á Djúpavogi.
 - d) Unnið verið að því að koma húsanöfnum íbúðarhúsa í þéttbýlinu á kortavefsíðanna.
 - e) Rekstarleyfi sem eru í gangi í Djúpavogshreppi.
 - f) Búið að sækja um styrk fyrir Faktorshúsið og gömlu kirkjuna.

Nefndin leggur til að úttektarmaður byggingarfulltrúa skili lista yfir leyfisskildar framkvæmdir í sveitarfélaginu fyrir hvern fund hjá SFU.

2. Sveitarstjórn 13.12.2018 liður 3. e) Eðvald Smári Ragnarsson og Hólmfríður Haukdal, kaup á Hammersminni 2b og stækkun lóðar.

Nefndin leggst gegn sölu á Hamersminni 2b. Skipulagsvinnu á svæðinu er ekki lokið og því telur nefndin rétt að bedið sé með sölu, en leggur jafnframt til að skoðaður verði möguleiki á áframhaldandi leigu í samráði við leigutaka.

3. Sveitarstjórn 13.12.2018 liður 8. a) Hammersminni 2 drög að lóðarblaði.

Nefndinni lýst vel á framkomnar hugmyndir og leggur til við sveitastjórn að tillagan verði unnin áfram.

4. Sveitarstjórn 10.01.2019 liður 1. b) Stjórn Fólkvangsins á Teigarhorni, dags. 12. desember 2018. Lið 2, Efnistöknámur í landi Teigarhorns.

Nefndin vísar þessu erindi inn í fyrirliggjandi aðalskipulagsvinnu.

5. Sveitarstjórn 15.11.2018 liður 8. Verkefnisstjóri umhverfismála.

Nefndin samþykkir tillöguna og leggur til við sveitastjórn að hún láti auglýsa starfið. Og leggur jafnframt til að skoðað verði hvort forsenda sé fyrir heilsársstarfi.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:07. Fundargerðin færð í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, fundarritari.

Kári Snær Valtingojer
Eiður Ragnarsson
Ingibjörg B. Gunnlaugsdóttir
Snjólfur Gunnarsson

Bergþóra Birgisdóttir